

Málumfríðus Sigrúnard

Forn kinverskt spakmæli segir. Þegar vindarnir blása verða stampasmiðirnir ríkir. í fljótu bragði virðist okkur ekki mikið vit eða samhengi í þessari setningu en við nánari skoðun verður annað uppi á teningnum. Setningin ber sér djúphugsaða speki og ég skal skýra það nánar. í Kína blása árstíðabundnir norðvestlægir vindar sem standa af hinum viðáttumiklu eyðimörkum Asiu, Þessir vindar þyrla upp og bera með sér ókjörin öll af fingerönum sandi sem sest í vit ~~þessi~~ ^{félus} og augu og orsakar oft blindu hjá þeim sem þurfa að vera mikið utan húss eða eiga sér ekki samastað.

Blint fólk getur ekki unnið fyrir sér á venjulegan hátt og verður því að draga fram lífið með betli. Til þess að vekja athygli á fötlun sinni og bágindum gerir fólk sér hljóðfæri með strengjum úr kattagörnum.

Fjöldi þeirra er slikur að smiðin leiðir til stórfelldrar fækkunar á köttum sem aftur leiðir til mikillar fjölgunar á músum.

Þessi músafjölgun verður til þess að þær leggjast á matvælu manna í stórum stíl svo illt er undir að búa. Við þeim vanda verða menn að bregðast og úrræðið verður að smiða stampa - tréilát sem myðnar komast ekki í og varðveita þannig matarbirgðir sínar. Við þessar aðstæður auðgast stampasmiðirnir. Þetta spakmæli sýnir okkur í hnottskurn hversu atburðir sem við getum engu ráðið um geta haft viðtækur afleiðingar og gripið inn á ólíklegustu svið sem tæpast er nokkur leið að sjá fyrir þegar þeir gerast. Við ráðum ekki hvort vindar blása né af hvaða átt, en við getum leitast við að gera okkur grein fyrir áhrifum og afleiðingum hvassviðrisins og metið hvernig skynsamlegast muni að taka á þeim. Og vindar valda alls ekki alltaf tjóni. Eins og segir í ljóðinu ~~en~~ hann gleðiþyt vekur í blaðsterkum lund

og gráfeysknu kvistin a bugar og brýtur

og bjarkirnar treystir um leið og hann þýtur

og enn segirað . . . hann feyki burt skýjum frá ylbjartri sól og blási neistann í loga. ~~Hin góðu áhrif þarf einnig að nýta:~~

~~Nestur um ólinni nægra af tóta í þarfilið hef tiltekin~~

Það blása striðir vindar um samfélag okkar nú um stundir og af mörgum áttum í senn. Hinn gamli grunnur þess - bændasamfélagið er liðið undir lok í þeirri mynd sem það áður var og þeir hornsteinar sem lagðir hafa verið í stað þess eru enn ekki svo styrkir sem vera þyrfti. Fólk í dreifbýli er að leitast við að ná fótfestu við nýjar aðstæður þegar grunnurinn er brostinn undan lífsafkomu þess. Það fólk sem býr í sveitunum er þar af því að það vill vera þar, hinir eru farnir. Margt af þessu fólkni er bostaflega að berjast fyrir lífi sín og rétti til að (búa þar sem það kýs.) Konur í sveitum landsins eru nú af fullri einbeitingu að fást við að skapa sér aðstöðu til að gera hafa einhverjar tekjur af þeirri vinnu sem þær geta lagt fram utan bústarfa og heimilisstarfa, nú þegar búin hafa verið skert svo að þau framfleyta ekki lengur fjölskyldu. Sá þróttur sem í konum býr mun fleyta þeim langt en uppörvun þurfa þær og stuðning kynsystra sinna.

Slik hreyfing sem þessi hlýtur að vera áhugamál kvennalistans ~~þess~~ þess pólítiska afsl sem hann er, en mér er spurn hvort konurnar hafi orðið þess varar að kvennalistinn fylgist með þessu starfi. Erum við svo uppteknar vi að stíga pólítiska dansinn að við gætum þess ekki að grásrótin þarf vökvun áburð og aðhlynningu. Það þarf að tala við jurtirnar svo þær blómgist. Ég ber ugg í brjósti vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í sveitum.

Vissulega er eðlilegt og ég vil segja nauðsynlegt sô byggðin þjappist sama Enannfækkun má ekki verða umfram það sem orðið er ef takast á að halda upp þeirri félagslegu þjónustu sem gerir fóki kleift að búa þar. Og hvaða stampasmiðir verða ríkir ef sveitir leggjast í auðn?

I umræðunni um sveitarstjórnarmál á þessum fundi vefðum við að skerpa stefn okkar í málens dreifbýlisins. Þeir vindar sem blásið hafa um dreifbýlið að undanförnu hafa skapað mikid umrót. Úr slikum hræringum getur sprott margt jákvætt og gott og þar trúi ég að konur hafi margt til málanna að leggja og væntanlega kemur það fram hjá okkur, hvaða vindar svað sem blása manu á þessum fundi. Ég haf sterka tilfinningu að að við stöndum á krossgötum í búsetuþróun og að við þurfum að huga vel að hverju skrefi sem

Stigið er, hvert það ber okkur. Þar eigung við völinu og kvölinu.

Ég sagði áðan að við réðum ekki hvaðan vindarnir blása - við ráðum ekki við náttúruöflin. En hvað um þá vinda sem blása um vitund okkar - innra með okkur sjálfum? Okkur er gefinn vilji, Við höfum vilja hvert og eitt, sterkan eða veikan og með viljanum virkjum við hugsanir okkar og skoðanir til athafna - eða látum það vera. Þó tölum við stundum ~~v~~ ósjálfráðir athafnir - orð sem spretta úr hugskoti okkar og fljúga af ~~v~~ vörunum, vanhugsuð - athafnir sem við höfum framkvæmt áður en við vitum af Hvar er þá viljinn Er hann ekki á valdi okkar Ræður umhverfið etv meiru um ákvarðanir okkar og athafnir en vilji okkar sjálfrar Karl Marx segir í einni bók sinni, Það er ekki meðvitund manna sem ákveðu verund þeirra, heldur þvert á móti hin félagslega tilvera sem ákvarðar meðvitund þeirra. Pessi kenning hefur nánast orðið trúarbrögð síðustu tíma, og víst er um það að áhrif umhverfisins eru ákaflega sterkt mótnar- afl á vitund okkar og skoðanir. Of mörg okkar telja sjálfgefið að taka þessi áhrif sem lög og undirgangast þau. Það er auðveldara að þiggja utan ~~fra~~ skoðanir en brjótast í að mæta þær sjálfur. Það er auðveldara og áhyggju- minna að vera ánauðugur en frjáls, og eins og vís maður hefur sagt: Það er einfaldara líf að ganga í sporaslóð hring eftir hring í fangelsis- garðinum þannig að enginn þurfi að vera fremstur.

En viljum við samt ekki vera frjáls? Í hugsun - í orðum og athöfnum Viljum við ekki vera þar sem vindarnir blása og ~~þ~~ kast á við það umrót sem þeir valda Frelsi okkar til athafna bæði sem einstaklinga og sem þjóðarhlýtur alltaf að vera takmökum háð. En við verðum að gera það upp við okki hvort við ~~vit~~ jum hafa það frelsi sem við þó höfum og hvernig við notum það í framhaldi af hugleiðingum um frelsi vil ég fara með sögu.

Í striðsbrölti sínu og flakki um Eyjahafið átti Ódysseifur leið framhjá eyju sírenanna sem dáleiddu farmenn með söng sinum svo þeir gáðu sér ekki sigldu á sker og fórust Ódysseifur vissi af þessari hættu og byrgði eyru manna sinna til að söngurinn seiddi þá ekki, en létt binda sjálfan sig við mastrið þegar þeir sigldu hjá. Hann bannði mönnum sinum að leysa sig

nvað sem í skærist. Og þannig fór Skipsmenn sigldu heyrnarlausir framhjá eyju sirenanna en Ódysseifur, ærður af söngnum var bundinn við siglutréð. Þannig björguðust þeir úr háskanum.

Enn er fagur sírenusöngur í lofti og auðvelt að heillast
En sá sem vill vera frjáls má ekki gleyma sér við sönginn þann og til
þess verður að taka áhættu, voga og þola meinlæti eins og Ódysseifur
forðum.

Mér og minni kynslóð er í minni árið 1944. Þá blésu vindar um þjóðfélag okkar - hlýir vindar frelsis gleði og vona, þrátt fyrir að dimmar blikur heimsstyrjaldar drægju úr ljósi sólar.

Petta vor er í minum huga eitthvað ólysanlega yndislegt - eitthvað sem ljómar blátt og gullið í minningunni. Það var frelsistilfinningin og vongleðin sem réði ríkjum þá- og þetta finnst mér ekki bara af því að þá var ég á þeim aldri þegar allt er svo yndislegt og gaman - á átjánda árinu. Þetta var svona, og það er dýrlegt að hafa fengið að lifa slikt. Þjóðin var öll á átjánda árinu og nýtt æviskeið að hefjast. ~~Þjóðin~~ var Hlýir vindar blésu - frelsisvindar. Þjóðin öll varð rík - ekki bara stampasmiðirnir,

En sá sem vill vera frjáls verður líka að þola - þola þá tvieggjuðu tilfinningu sem frelsinu fylgir ~~Hann~~ völina og kvölinu.

Ég get ekki undir nokkum kringumstæðum léð máls á því að framselja
neitt af þau sjálfskráunarrétti sem við þó höfum fyrir einhvern ávinnung
sem mér er ekki fyllilega ljós hver er, né hvert muni leiða okkur. Til
þess er mér ~~hann~~^{þau} of dýrmætur. Ég lit á ~~hann~~^{þau} sem fjöreggokkar. ~~sem þeir~~
~~þau~~ framselja hann til að hafa frjálsari fótburð i dansinum kringum
hina kraumandi pólitísku deiglu í Evrópu þykja mér satt að segja ~~leittuð~~.
Ég óttast að þau dansspor verði ekki með feminiskum takti heldur muni
þau bera blæ sem kenndur er við atvinnupólitík - að vera í leiknum leiksins
vegna Ég fæ ekki með nokkru móti séð að okkur sé lifsnauðsyn að vera með í
þeim leik. Ég hef þegar notað mitt frelsi til að velja á þeim forsendum
sem ég hef til þess. ~~Þau~~ munum við allar gera.

I stormum tímans er það þó ekki aðstaf vilji okkar sjálfra sem ræður
hver atburðarásin verður. Það verður að horfa svo langt sem eygt verður
eftir afleiðingum ákvarðana okkar og vera reiðubúnar að bregðast við á
öllum vegamótum hverju því sem þær valda. Við þurfum þó ekki endi
lega að berast með vindinum Við getum staðið hann af okkur og, beðið þes
at læggi til meðustefna þessi kálfur að
þeim fyrir teknar